

Grunnur gatnagerðargjalds er byggingakostnaður á fermeter í vísitöluhúsi fjölbýlis samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands á grundvelli laga nr. 42/1987. Í febrúar 2016 er byggingakostnaður á fermeter í fjölbýlishúsi samkv ofangreindu 199.953 kr.

Gjaldflokkar eru þrír og skal viðeigandi hundruðshluti af byggingakostnaði vísitöluhúss fjölbýlis lagður á hvern fermeter nýbyggingar.

3%

- Einbýlishús með bílgeymslu
- Parhús með bílgeymslum
- Raðhús með bílgeymslum
- Fjölbýlishús með bílgeymslum

2%

- Verslunar-, þjónustu- og annað húsnæði
- Iðnaðarhúsnæði

1%

- Hesthús
- Útihús, gróðurhús og fleira tengt landsbúnaði

Flatarmál bygginga skal reikna eftir ÍST 50. Af endurbyggingu þaka íbúðarhús, án aukningar á nýtingu skal ekki greiða gatnagerðargjöld.

Fyrir lagnakjallara og glerskál með gagnsæju þaki greiðist gatnagerðargjald.

Gjaldið breytist 1 dag hvers mánaðar samkvæmt breytingu í byggingakostnaði vísitöluhúss fjölbýlis.

Lágmarksgjald

Við ákvörðun lágmarksgatnagerðargjalds skal að jafnaði miðað við eftirfarandi stærðir

- Einbýlishús með bílageymslu 160 m² pr. íbúð.
- Parhús með bílgeymslum 115 m² pr. íbúð.
- Raðhús með bílgeymslum 105 m² pr. íbúð.

Greiðsluskilmálar

Innan þriggja mánaða frá undirskrift lóðarleigusamnings eða útgáfu byggingaleyfis skal greiða 25 % af álögðu gatnagerðargjaldi. Þegar lokið er lagningu bundins slitlags á viðkomandi götu skal greiða 75 % gjaldsins.